

Skólasamfélag Ingunnarskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Ingunnarskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju.



Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti

Tilkynning er skráð og henni komið til umsjónarkennara.

Umsjónarkennari notar gátlista við úrvinnslu vegna tilkynningar um grun um einelti.

Á öllum stigum málsins getur umsjónarkennari ráðfært sig við aðra, svo sem námsráðgjafa og skólastjóra.

Gátlisti

Umsjónarkennari:

- Ræðir við þolanda og foreldra hans.
- Ræðir við meintan geranda/gerendur og foreldra hans/þeirra.
- Leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans og (ef við á) öðrum sem tengjast þolanda og geranda, s.s. íþróttþjálfara og starfsmönnum félagsmiðstöðvar/frístundar.
- Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum.
- Leggur tengslakönnun fyrir bekkinn.
- Óskar eftir því að starfsfólk sem við á hverju sinni fylgist vel með og tilkynni umsjónarkennara ef upp koma óæskileg atvik.

Ef um einelti er að ræða þá fer eftirfarandi ferli í gang

Eineltisteymi Ingunnarskóla

Eineltisteymi fundar eftir þörfum.

Það heldur utan um tilkynningar og fylgist með framvindu mála.

Eineltisteymi veitir ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum þeirra.

Í eineltisteymi eru:

Aðstoðarskólastjóri
Námsráðgjafi
Umsjónarkennari
Deildarstjóri
Frístund / Félagsmiðstöð

Eineltisteymi ásamt umsjónarkennara tekur ákvörðun um áframhaldandi vinnu samkvæmt eineltisáætlun Ingunnarskóla og gátlista frá borginni:

<https://reykjavik.is/gatlisti-vegna-eineltis>

Ef einelti hættir ekki er málinu vísað til nemendaverndarráðs